

Vikufréttir

Vika 40 (28.09 – 2.10. 2020)

Mánudagur

✓

Þriðjudagur

- ✓ Stigsfundur yngsta stigi kl. 13:40
- ✓ Lota 1 í vali á unglingsstigi byrjar
- ✓ Opnað fyrir skráningu í foreldraviðtöl

Miðvikudagur

- ✓ Samræmd próf 4.b – íslenska
- ✓ Stigsfundur miðstigi kl. 14:30
- ✓ Skólastjórnendur fara á kynningarfund um réttindaskóla UNICEF.

Fimmtudagur

- ✓ Samræmd próf 4.b – stærðfræði
- ✓ Stigsfundur á unglingsstigi kl. 14:30
- ✓ Aðalfundur skólastjórafélags Vesturlands kl.13:00

Föstudagur

✓

Annað:

Markmið Réttindaskóla UNICEF er að byggja upp lýðræðislegt umhverfi með því að rækta með markvissum hætti þekkingu, leikni og viðhorf sem hjálpa börnum að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í nútímasamfélagi. Með þetta að markmiði eru grunnforsendur Barnasáttmálans útgangspunktur fyrir allar ákvarðanir í skóla- og frístundastarfi auk þess sem þær endurspeglast í samskiptum barna, ungmenna, kennara, frístundaráðgjafa og annarra starfsmanna.

Spakmæli:

“Allir hafa kafla í sínu lífi sem þeir vilja ekki lesa upphátt”

Foreldraviðtöl

Foreldraviðtöl verða þriðjudaginn 6. október. Hver fjölskylda fær sinn viðtalstíma hjá umsjónarkennara. Hér er um kærkomið tækifæri fyrir kennara og foreldra að hittast og ræða um framfarir og líðan nemandans. Þetta eru því mikilvægir fundir sem foreldrar þurfa að nýta vel. Aðrir kennarar en umsjónarkennarar eru einnig til viðtals þennan dag eftir þörfum.

Markmiðið með viðtölum nú er að fara yfir líðan og ástundun nemenda fram að þessu og jafnvel setja niður eigin markmið. Ef önnin hefur ekki byrjað vel verður þetta kærkomið tækifæri til að breyta um stefnu og móta aðgerðir.

Mínum foreldra á að skrá sig í viðtal inni á Mentor. Opnað verður fyrir skráningu þriðjudaginn 29. september og lokað fyrir skráningu að kvöldi sunnudagsins 4. október.

Samræmd próf

7. bekkur þreytti samræmd próf í íslensku og stærðfræði s.l. viku. Allt gekk þetta mjög vel fyrir sig og stóðu nemendur sig mig þryði og sýndu mikla þrautseigju og dugnað.

Tilgangur prófanna er að meta hvernig markmiðum aðalnámskrár hefur verið náð og veita endurgjöf til nemenda, foreldra, kennara, fræðsluyfirvalda. Niðurstöður verða sendar heim til foreldra og nemenda þegar þær berast frá Menntamálastofnun.

Útgefandi: Grunnskólinn í Borgarnesi.

Ábm.: Guðdís Jónsdóttir